

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1337

komudagur 10/4 1996

Allsherjarnefnd Alþingis,  
frú Sólveig Pétursdóttir,  
Alþingi við Austurvöll  
í Reykjavík.

Reykholti, 2an apríl 1996.

Heiðraða Allsherjarnefnd Alþingis.

Á fundi sínum þann 1ta apríl sl. fór stjórn Prestafjelags Íslands yfir frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem borizt hafði til umsagnar.

Frumvarp þetta felur í sjer gjörbyltingu á grundvallarskipan Þjóðkirkjunnar, ef að lögum verður. Í því sambandi er meðal annars minnt á eftirfarandi: Hið almenna prests- og predikunarembætti er hið kirkjulega embætti í Þjóðkirkjunni, enda starfar hún í sóknum sínum og prestaköllum, sem í samræmi við þetta njóta mikils sjálfstæðis.

Síðan um siðbót hafa prestar verið forstöðumenn sjálfstæðra, opinberra embætta, sem veita sóknunum og prestaköllum þjónustu, en hafa fjárhagslega aldrei verið á þeirra vegum. Mikilvægt hefur jafnan verið talið, að prestur væri í embætti sínu ekki öðrum háður, og hefur hann því haft á bak við það kirkjueignir því til upphalds og er svo enn, því prestar taka laun sín um ríkissjóð, en ekki úr ríkissjóði og eru eignir hvers embættis á bak við þessar iaunagreiðslur, sbr. lög 46/1907.

Rómversk- katólsk kirkjuskipan byggði á mikilli miðstýringu, þar sem biskupar höfðu mikil völd. Þessi skipan vjek fyrir Lúthersk- Evangeliskri skipan með Ordinatífunni þar, sem biskupsembættinu var haldið, sem tilsjónarembætti með kirkjulegum málefnum, ( superintendentar ) meðal annars sóknarprestsembættunum, sem falið var að bera uppi þjónustuna í sóknunum á grundvelli prestakallsins. Í Lútherskum sið lýtur kirkjan því ekki miðstýringu og er það bæði styrkur hennar og veikleiki. Mikil tilhneyging hefur hins vegar verið til miðstýringar með eflingu embættis Biskups Íslands á síðustu árum og misserum Kirkjunnar hefur verið falið að annast sjálf sín málefni í auknum mæli og hefur þeim verið komið fyrir við embætti Biskups Íslands, án þess að frekari ráðstöfun um meðferð þeirra væri gerð. Í frumvarpinu er þessi þróun mála fullkomnuð m.a. með því að afnema skipun presta til embætta sinna og fela þau forræði biskups í reynd, sbr ákv. § 22, töluliðar 5. Með þessu er veigamiklum grundvallaratriðum fleygt burt úr kirkjuskipaninni á öðrum forsendum en kirkjulegum. Verður sú aðferð að teljast hæpin.

Stjórn P.Í. mótmælir loks almennt þeirri rjettinda- og kjaraskerðingu, sem frv. ber í sjer fyrir prestsstjettina, en leyfir sjer að leggja það til, að prestar njóti áfram óbreyttrar stöðu og teljist opinberir embættismenn og forstöðumenn sjálfstæðra embætta og verði í samræmi við þetta taldir í §22 frv., töluliðum 5 og 8 og þar annars staðar, sem við á í samræmi við þetta.

Afrit sent  
kirkjumálaráðherra,  
hr Þorsteini Pálssyni.

Virðingarfyllst,  
